

Dags: 12. mars 2024 (leiðrétt eintak)

Til: Kópavogsbæjar
Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri
Ingólfur Arnarsson, fjármálastjóri

Frá: Guðbrandi Sigurðsson

Efni: **Umsókn um stofnframlög vegna 2024-2025.**

Brynja bætti við sjö íbúðum í eignasafni sitt í Kópavogi á árinu 2023. Annars vegar bættum við þremur íbúðum við Silfursmára og fjórum íbúðum við Nýbýlaveg. Allt nýjar íbúðir sem henta vel inn í leigusafn Brynju. Þannig er íbúðasafn Brynju í Kópavogi samtals 65 íbúðir um síðustu áramót.

Samkomulag okkar frá síðasta ári hljóðaði upp á sex íbúðir og var áætlað stofnvirði þeirra að hámarki 364,5 mkr. Við myndum vilja nota það stofnframlæg sem er eftir af þeirri úthlutun til að kaupa 4ra herbergja íbúð en eftirspurn eftir stærri íbúðum hefur aukist nokkuð.

Þá myndum við gjarnan vilja bæta við fjórum íbúðum á tímabilinu 2024 til 2025 og sækjum því um fjögur stofnframlög vegna 2024 – 2025 fyrir íbúðir sem er áætlað að muni kosta 278 mkr. Umsóknin endurspeglar verð á nýjum íbúðum í Kópavogi og miðast við tvær tveggja herbergja íbúðir og tvær þriggja herbergja íbúðir. Ef um semst þá er hlutdeild Kópavogsbæjar 33,4 mkr.

M.v. 29.02.2024 eru 26 aðilar á biðlista hjá Brynju í Kópavogur í samanburði við 298 aðila á landinu öllu.

Skipting biðlistans í Kópavogi eftir mismunandi íbúðagerð er:

Einstaklingsíbúðir	3	12%
Tveggja herbergja	13	50%
Þriggja herbergja	8	31%
Fjögurra herbergja	2	8%

Við vonumst til að umsókn okkar fái góðar undirtektir hjá bænum og við munum á næstu dögum sækja um stofnframlag hjá HMS í samræmi við það sem hér hefur komið fram.

Ekki hika við að hafa samband ef þið óskið eftir frekari upplýsingum um þessa umsókn og það væri einnig gaman ef við fengum tækifæri til að hitta ykkur og fara yfir það helsta sem er í gangi hjá Brynju með áherslu á uppbyggingu eignasafnsins í Kópavogsbæ.

Virðingarfyllt,

Guðbrandur Sigurðsson
Framkvæmdastjóri